

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 194/1999 um kattahald í Hafnarfirði.

1. gr.

Við 3. gr. bætist við ný málsgrein sem orðist svo:

Bæjarstjórn getur samþykkt að merkt verði ákveðin svæði, þar sem óheimilt er að vera með ketti og er heimilt að fanga ómerkta sem merкта ketti, er ganga lausir á slíkum svæðum.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. mars 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

5. mars 2001

Nr. 199

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991 með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 9.1.1.1. orðast svo:

Í flutningaflugi með farþega skulu vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvélartegund enda þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, þegar um er að ræða:

- a) reglubundið áætlunarflug og leigu- og þjónustuflug milli Íslands og annarra landa og
- b) reglubundið áætlunarflug og leigu- og þjónustuflug með:
 - i) þotum
 - ii) skrufuþotum með jafnþrýstibúnaði,
 - iii) flugvélum sem gerðar eru til flutninga á fleiri en 9 farþegum.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur til íslenskra flugvéla og annarra flugvéla sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 145. gr. laga nr. 60, 10. júní 1998 um loftferðir ásamt síðari breytingum og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 5. mars 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.